

Yfirlit um stöðu og sögu matskerfis opinberra háskóla

- Málþing um matskerfi opinberra háskóla þann 8. maí -

Baldvin Zariroh, formaður Félags háskólakennara

Upphaf vinnumatskerfisins

- Vinnumatssjóður settur á fót í kjarasamningum Félags háskólakennara árið 1989
- Sjóður sem greiddi yfirvinnustundir í rannsóknum
- Einungis birtingar metnar
- Framteljendur gáfu upp “eignarhlut” í greinum -> hlutdeild meiri en 100% í mörgum tilvikum

Laun prófessora ákvörðuð af kjaranefnd

- Með lögum nr. 150/1996 var Kjaranefnd falið að ákveða laun prófessora
- Kjaranefnd ákveður að laun prófessora skuli ákvörðuð á grundvelli stigamats
- Fljótlega gera önnur kjarafélög háskólakennara samkomulag um að nota sama eða sambærileg matskerfi
 - Þessi kerfi voru þó staðfærð nokkuð við HA og KHÍ
- Í janúar 2007 er úrskurðað að ákvörðun launa og starfskjara prófessora skyldi ekki lengur heyra undir kjararáð sem leiðir til stofnunar miðlægs stjórn matskerfis og samræmingu á matskerfinu fyrir alla ríkisháskóla.

Endurskoðunarfasar

- Matskerfið hefur verið í stöðugri endurskoðun nokkurnvegin frá upphafi en þó eru nokkrar meiriháttar vörður:
 - 1998: Stigamatskerfi sett á fót (stutt og frekar einfalt)
 - 2003: Svigrúm aukið á vissum flokkum
 - 2010: Töluverðar breytingar og matsflokkum fjölgaði
- Frá 2010 hafa reglulega verið gerðar minniháttar breytingar á matskerfinu.
- Matskerfið um aldamót:
 - Fimm yfirflokkar
 - 46 undirflokkar,
 - Þar af 20 undirflokkar í rannsóknahluta kerfisins
- Matskerfið núna
 - Sjö yfirflokkar
 - 107 undirflokkar
 - Þar af 53 undirflokkar í rannsóknahluta kerfisins (13 af þeim í sérstökum viðauka um listir)

Hvað er öðruvísi við íslenska kerfið?

- Hversu fjölbreytt matið er. Erlendis er yfirleitt ekki verið að skoða önnur atriði í svona kerfi heldur en birtingar.
- Hversu gríðarleg áhrifin eru á sjálfan vísindamanninn. Alla jafna eru svona matskerfi notuð til að skoða stöðu rannsóknahópa og rannsóknæininga en ekki einstaklinga.
- Deilireglur á fjölhöfundaeefni:
 - Stig margfölduð með 1,5 ef höfundar eru tveir, með 1,8 ef höfundar eru 3 og með 2 ef höfundar eru fjórir eða fleiri. Þessi regla hefur verið í gildi frá upphafi kerfisins.
 - Ný regla frá og með 2010, viðbót fyrir allt að tvær fjölhöfundagreinar
- Í erlendum kerfum eru kerfin alla jafna einfaldari, stigum oftast deilt á fjölda „eininga“ (deildir, stofnanir) á bakvið grein og engin sérstök fjölgun stiga eftir fjölda höfunda

Kerfi sem styðjast við upplýsingar úr matskerfinu (HÍ)

- Röðun akademískra starfsmanna auk aðjunkta í launaflokk (sperrur í rannsókn- og heildarstigum). Grunnmat í upphafi starfs og stig úr ársmati bætt við 1. september ár hvert. (röðun í launaflokka frá 1998 og röðun í þrep frá 2015)
- Greiðslur úr vinnumatssjóði/nýdoktorasjóði/ritlauna- og rannsóknasjóði. Greitt 1. september ár hvert (frá 1998).
- Úthlutun sviða úr deililíkani (frá ~2000)
- Framgang og nýráðningar, stigalágmörk í fyrir hvert starfsheiti (frá 2001, aflstig frá 2010)
- Hækkun kennsluskyldu ef meðaltöl rannsóknastiga fara undir tiltekið lágmark sbr. reglur um starfsskyldur (frá 2006).
- Heimild til rannsóknamissis (frá 2006).
- Heimild til launagreiðsla vegna aukastarfa innan HÍ sem kostuð eru af öðru fé en opinberum fjárveitingum HÍ (frá 2008).
- Lækkun kennsluskyldu (frá 2009)
- Fastráðning: Krafa um ákveðin fjölda aflstiga á reynslutíma (frá 2010-2020)

Fjöldi framteljenda við HÍ og tengdar stofnanir

- 1999: 123 (bara prófessorar)
- 2000: ~300 (Félag háskólakennara bætist við)
- 2009: ~700 (Menntavísindasvið bætist við)
- 2016: ~800 (nýdóttorar hefja töku launa skv. stigamati)
- 2024: ~1000 (~1200 frá öllum ríkisháskólunum auk Háskólans á Bifröst,)